

**Ed.**

**627. Nefndarálit**

[266. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, erum reiðubúnir að afla tekna til þess að efla landhelgisgæsluna, fiskleit og hafrannsóknir og erum reiðubúnir til þess að styðja 1 000 millj. kr. tekjuöflun í þessu skyni. Í samræmi við sjónarmið ASÍ erum við því tilbúnir að samþykkja hækkun vörugjalds úr 10% í 14% í þessu skyni, en neitum algerlega frekari hækkun verðlags til að standa straum af fjármálaóreiðu núverandi ríkisstjórnar. Hins vegar getum við fallist á, að haldið verði áfram innheimtu skyldusparnaðar, en það mundi bæta hag ríkissjóðs og draga úr fjárförf hans.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að mjög skortir á, að skattar séu greiddir af öllum tekjum af atvinnurekstri, auk þess sem gildandi reglur um fyrningu eru mjög óeðlilegar og ranglátar.

Þingmenn Alþýðubandalagsins flytja tillögu á sérstöku þingskjali um álagningu 6% skatts á hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá, og er áætlað, að þessi skattur nemi um 1 000 milljónum kr. eða jafnhárru upphæð og þörf er á til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsóknna. Tillaga þessi kemur ekki til atkvæða, ef samkomulagsleið ASÍ, sem áður er nefnd, verður samþykkt, og verður hún því við atkvæðagreiðslu tekin aftur til 3 umræðu.

Við teljum ríkissjóði skylt að draga úr útgjöldum sínum til þess að mæta þeim auknu útgjöldum, sem hún telur óhjákvæmileg og eru umfram þann tekjuauka, sem lýst hefur verið, að við erum reiðubúnir til þess að samþykkja. Við teljum hér ekki vera um hærri fjárhæð að ræða en svo, að vandalaust væri að mæta henni með sparnaði hjá ríkissjóði, enda hvort eð er nauðsynlegt af almennum efnahagsástæðum, að ríkissjóður gæti hófs í útgjöldum sínum.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ragnar Arnalds,      Bragi Sigurjónsson.  
frsm.